AUGLÝSING

um viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands.

Viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands frá 22. júlí 1972 í kjölfar aðildar lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu, sem gerð var í Brussel 26. janúar 1996, öðlaðist gildi 27. janúar 1996, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1973 þar sem samningurinn er birtur.

Viðbótarbókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 29. janúar 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARBÓKUN VIÐ SAMNINGINN MILLI EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS Í KJÖLFAR AÐILDAR LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS, LÝÐVELDISINS FINNLANDS OG KONUNGSRÍKISINS SVÍÞJÓÐAR AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

EVRÓPUBANDALAGIÐ

annars vegar og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

hins vegar

HAFA HLIÐSJÓN AF samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands sem var undirritaður í Brussel 22. júlí 1972, hér eftir nefndur „samningurinn“,

HAFA HLIÐSJÓN AF aðild lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu 1. janúar 1995,

TELJA að til að viðhalda viðskiptum milli Íslands annars vegar og hinna nýju aðildarríkja hins vegar sé nauðsynlegt að gera breytingar á fyrirkomulagi viðskipta með sjávarafurðir milli Íslands og bandalagsins,

OG HAFA ÁKVEÐIÐ með almennu samkomulagi að aðlaga samninginn aðild lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu OG AÐ GERA MEÐ SÉR SVOHLJÓÐANDI BÓKUN:

1. gr.

Texti samningsins, viðaukanna og bókananna, sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, lokabókunarinnar og yfirlýsinganna, sem fylgja honum, skal gerður á finnsku og sænsku og skulu þessir

textar jafngildir upprunalegu textunum. Sameiginlega nefndin skal samþykkja finnska og sænska textann.

2. gr.

Sérákvæðin, sem gilda um innflutning til bandalagsins á tilteknum sjávarafurðum upprunnum á Íslandi, eru í viðaukanum við þessa bókun.

3. gr.

Viðaukinn við þessa bókun er óaðskiljanlegur hluti hennar. Bókun þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

4. gr.

Bókun þessi skal samþykkt af samningsaðilunum í samræmi við þeirra eigin málsmeðferð. Hún öðlast gildi 1. desember 1995 að því tilskildu að samningsaðilar hafi tilkynnt hvor öðrum fyrir þann dag að nauðsynlegri málsmeðferð þar að lútandi sé lokið. Eftir þann dag öðlast bókunin gildi á fyrsta degi eftir slíka tilkynningu. Henni skal beitt frá og með 1. janúar 1995.

5. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir þessir textar jafngildir.

Gjört í Brussel hinn 26. janúar 1996.

VIÐAUKI

Skrá yfir vörur sem vísað er til í 2. gr.
(Vörur upprunnar á Íslandi sem bandalagið heimilar innflutningskvóta á.)

	ST-NÚMER	VÖRULÝSING	KVÓTI (tonn)
1	0302 12 00	Lax, nýr eða kældur	50
	0302 10 13	Laxaflök, ný eða kæld	
	0304 20 13	Laxaflök, fryst	
2	0302 23 00	Sólflúra, ný eða kæld	250
	0302 29 10	Stórkjafta, ný eða kæld	
	0302 29 90	Annar flatfiskur, nýr eða kældur	
	0302 69 85	Kolmunni, nýr eða kældur	
	0303 32 00	Skarkoli, frystur	
	0303 79 96	Annar sjávarfiskur, frystur	
	0304 10 19	Flök af öðrum ferskvatnsfiski, ný eða kæld	
	0304 10 33	Ufsaflök, ný eða kæld	
	0304 10 35	Karfaflök, ný eða kæld	
	úr 0304 10 38	Flök af öðrum sjávarfiski, þó ekki af síld og makríl, ný eða kæld	
	0304 10 98	Kjöt af öðrum sjávarfiski, nýtt eða kælt	
	0304 20 19	Flök af öðrum ferskvatnsfiski, fryst	
	0304 90 35	Fryst kjöt af þorski af tegundinni *Gadus macrocephalus*	
	0304 90 38	Fryst kjöt af þorski af tegundinni *Gadus morhua*	
	0304 90 39	Fryst kjöt af tegundinni *Gadus ogac* og af fiski af tegundinni *Boreogadus saida*	
	0304 90 41	Fryst kjöt af ufsa	
	0304 90 47	Fryst kjöt af lýsingi af tegundinni *Merluccius*	

	ST-NÚMER	VÖRULÝSING	KVÓTI (tonn)
	0304 90 59	Fryst kjöt af kolmunna	
	úr	Fryst kjöt af öðrum sjávarfiski, þó ekki af makríl	
	0304 90 97		
3	0305 61 00	Síld, söltuð en ekki þurrkuð eða reykt, og síld í saltlegi	1750
4	0306 19 30	Leturhumar, frystur	50
5	1604 12 91	Önnur síld, unnin eða varin skemmdum, í loftþéttum ílátum	2400
	1604 12 99	Önnur síld, unnin eða varin skemmdum, annað	
6	1604 19 98	Annar fiskur, unninn eða varinn skemmdum, heill eða í hlutum	50
	úr		
	1604 20 90	Kjöt af öðrum fiski, unnið eða varið skemmdum, þó ekki af síld eða makríl	

Þessir innflutningskvótar gilda frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Heimil er frjáls deifing innflutningsvöru, sem er upprunnin á Íslandi, til bandalagsins með 0% innflutningstolli, í því magni sem tilgreint er fyrir hvern vöruflokk.

Nr. 4 4. mars 1996

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Eistlands.

Hinn 29. febrúar 1996 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Eistlands sem gerður var í Zermatt 7. desember 1995. Alþingi hafði með ályktun 21. desember 1995 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. mars 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 5 4. mars 1996

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Litháens.

Hinn 29. febrúar 1996 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Litháens sem gerður var í Zermatt 7. desember 1995. Alþingi hafði með ályktun 21. desember 1995 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. mars 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.